



SAMEYKI

STÉTTARFÉLAG



Sameyki – stéttarfélag í almannaþjónustu
annars vegar

og

ISAVIA

hins vegar gera með sér eftirfarandi

SAMKOMULAG

um breytingar og framlengingu
á kjarasamningi aðila



Gildistími – eingreiðsla

- Gildistími til 31. október 2022.
- Launahækkunar kr. 90.000.- á samningstímanum
- Nýjar launatöflur (hækkunar) 1. janúar 2020, 1. apríl 2020, 1. janúar 2021 og 1. janúar 2022.
- Eingreiðsla upp á 225.000.- þeir sem voru í starfi 1. apríl 2019 og enn í starfi 1. janúar 2020. Miðað við starfstíma og starfshlutfall.
- Til frádráttar kemur 105.000.- innágreiðsla frá júní 2019.

Persónuuppætur - lífskjarasamningurinn

Desemberuppbot

2019 = 92.000

2020 = 94.000

2021 = 96.000

2022 = 98.000

Orlofsuppbot

• 2019 = 50.000

• 2020 = 51.000

• 2021 = 52.000

• 2022 = 53.000

Flugverndarstarfsmenn

Starfsheiti	Lýsing á hæfni og þekkingu sem er notuð í starfi, en auk þess gengur starfsmaður til þeirra starfa sem honum eru falin	Launaflokkur
Flugverndarstarfsmaður 1 Afleysingar og tímabundin ráðning í flugvernd	<ul style="list-style-type: none"> Tímabundin ráðning í flugvernd, sumarafleysingar. Viðkomandi hefur lokið námskeiði í flugverndarfræðum. 	6
Flugverndarstarfsmaður 2	<ul style="list-style-type: none"> Er fastráðinn og hefur góða þekkingu á starfinu skv. starfslýsingu. Gátstöðvar/eftirlit: Gild ökuréttindi 	12
Flugverndarstarfsmaður 3	<ul style="list-style-type: none"> Allt sem er í flokki 2 Hefur þekkingu og hæfni til að sinna flóknari verkefnum s.s. <ul style="list-style-type: none"> Er falið að kenna/þjálfa nýja starfsmenn (hefur lokið starfsþjálfaranámi og símenntun) 	14
Flugverndarstarfsmaður 4	<ul style="list-style-type: none"> Allt sem er í flokki 3 Viðurkenndur (vottaður) leiðbeinandi Launaður staðgengill aðstoðarvarðstjóra og leysir hann af. 	16
Aðstoðarvarðstjóri / staðgengill varðstjóra	<ul style="list-style-type: none"> Allt sem er í flokki 4 Hefur lokið og staðist próf til varðstjóra Getur tekið að sér viðtæk sérverkefni sem honum eru falin. Staðgengill varðstjóra og leysir hann af 	19
Varðstjóri	<ul style="list-style-type: none"> Samkvæmt starfslýsingu 	23

Farþegaþjónusta

Starfsheiti	Lýsing á hæfni og þekkingu sem er notuð í starfi, en auk þess gengur starfsmaður til þeirra starfa sem honum eru falin	LFL
Starfsmaður Farþegaþjónustu Afleysingar og tímabundin ráðning	<ul style="list-style-type: none">• Tímabundin ráðning í farþegaþjónustu, sumarafleysingar.	5
Starfsmaður Farþegaþjónustu 2	<ul style="list-style-type: none">• Er fastráðinn og hefur góða þekkingu á starfinu skv. starfslýsingu.	10
Hópstjóri	<ul style="list-style-type: none">• Allt sem er í flokki 2• Hefur lokið námskeiði starfsþjálfunar og tekur nýja starfsmenn í þjálfun.• Passar að starfsfólk sé á réttum stöðum og gerir dagskipunarplan.• Umsjón með kerrusmölun	12
Vaktstjóri	<ul style="list-style-type: none">• Stýrir vakt skv. starfslýsingu.• Samskipti við stjórnendur	18

Airport Parking

Niðurröðun – flokkur	Lýsing á hæfni og þekkingu sem er notuð í starfi, en auk þess gengur starfsmaður til þeirra starfa sem honum eru falin	Launaflokkur
Starfsmaður bílaþjónusta 1 Afleysingar og tímabundin ráðning	<ul style="list-style-type: none">Tímabundin ráðning í bílastæðþjónustu, sumarafleysingar. Viðkomandi hefur lokið námskeiði í flugverndarfræðum	2
Starfsmaður Bílastæðþjónusta 2	<ul style="list-style-type: none">Er fastráðinn og hefur góða þekkingu á starfinu skv. starfslýsingu.	5
Hópstjóri	<ul style="list-style-type: none">Allt sem er í flokki 2Hefur lokið námskeiði starfsþjálfunar og tekur nýja starfsmenn í þjálfun.	7
Vaktstjóri	<ul style="list-style-type: none">Stýrir vakt skv. starfslýsingu.Samskipti við stjórnendur	13

Rekstrarstjórnstöð

Niðurröðun - flokkur	Lýsing á hæfni og þekkingu sem er notuð í starfi, en auk þess gengur starfsmaður til þeirra starfa sem honum eru falin	Launaflokkur
Vaktmaður 1 Afleysingar og tímabundin ráðning	<ul style="list-style-type: none">Tímabundin ráðning í rekstrarstjórnstöð, sumarafleysingar	8
Vaktmaður 2	<ul style="list-style-type: none">Er fastráðinn og hefur góða þekkingu á starfinu skv. starfslýsingu.	15
Vaktmaður 3	<ul style="list-style-type: none">Allt sem er í flokki 2Hefur lokið námskeiði starfsþjálfunar og tekur nýja starfsmenn í þjálfun.Getur tekið að sér víðtæk sérverkefni sem honum eru falin.	17
Vaktstjóri	<ul style="list-style-type: none">Skv. starfslýsingu	23

Viðbótarforsendur við mat í launaflokka

	Launaflokkar til hækkunar
Önnur reynsla og/eða hæfni sem nýtist í starfi en fellur ekki undir grunnröðun eða flokk hér að neðan	1-2
Iðnmenntun eða önnur formleg menntun sem sannanlega er notuð í starfi en ekki er tekið tillit til við grunnröðun	1-6
Meiraprófsréttindi sem nýtt eru í starfi	2
Aðrir þættir tengdir starfinu sem ekki er tekið tillit til við grunnröðun, t.d. vegna sérstakrar ábyrgðar, álags eða áreitiss	1-4
Hverjar 30 klst. í endurmenntun sem starfsmaður aflar sér sjálfur, sannanlega nýtist í starfi og ekki er tekið tillit til við grunnröðun (hámark 6 flokkar)	1

Heilsuefling

- Árleg heilsufarsmæling tryggir mánaðarlega greiðslu sem nemur 12.880 kr. með orlofi.
- Á samningstímanum hækkar upphæðin um 2,5% á sömu dagssetningum og aðrar launahækkunarir.
- Þeir starfsmenn sem starfað hafa samfelld í 6 mánuði hjá Isavia njóta greiðslunnar
- Eftir fyrstu heilsufarsmælingu hjá Isavia er þátttaka í henni skilyrði til að halda greiðslu.

Vinnutímastytting

- Stytting vinnuvikunar þannig að virkur vinnutími verði að hámarki 36 vinnustundir á viku að jafnaði
- Vinnuhópur - fulltrúar frá hverri samninganefnd. Skal komast að niðurstöðu um lokaútfærslu um styttingu vinnuvikunnar
- Breyting á skipulagi vinnutíma á að öðru óbreyttu ekki að leiða til breytinga á launum eða launakostnaði vegna starfsmanna
- Forsenda breytinganna er að starfsemi Isavia raskist ekki og að þjónustan sé af sömu eða betri gæðum og áður.
- Gert er ráð fyrir því að niðurstöður um útfærsluna liggi fyrir eigi síðar en 1. október 2020 og að nýtt fyrirkomulag vinnutíma taki gildi eigi síðar en 1. janúar 2021.

Fæðisfé

Grein 3.4.4 breytist og hljóðar svo frá **1. janúar 2020**:

- Starfsmenn sem hafa ekki aðgang að matstofu en ættu að hafa það skv. gr. 3.4.1, skulu fá það bætt með fæðispeningum sem nema kr. 1200 fyrir hvern vinnuskyldudag enda séu þá uppfyllt neðantalin skilyrði:
 - 1. Vinnuskylda starfsmanna sé minnst sem svarar hálfri stöðu á viku.
 - 2. Starfsmaður hafi vinnuskyldu á föstum vinnustað frá kl. 11:00 - 14:00 að frádregnu matarhléi.
 - 3. Matarhlé sé 1/2 klst.
- Greiðsla þessi skal breytast 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu matar- og drykkjarvöru í vísitölu neysluverðs (173,4 stig í desember 2019).

Orlof

- Lágmarksorlof skal vera 24 dagar miðað við fullt starf.
- Eftir 3 ár í starfi hjá Isavia fær starfsmaður til viðbótar 3 orlofsdaga.
- Eftir 5 ára starf hjá Isavia bætast við aðrir 3 dagar.
- Starfsmaður skal fá 10,17% orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur skv. samningi þessum.
- Eftir 3ja ára starf skal hann fá 11,59%.
- Eftir 5 ára starf skal hann fá 13,04%.

Aðrir þættir

- Símakostnaður. 3.600.- á mán. Útkallslisti
- Veikindi barna. Til 16 ára aldurs ef sjúkrahúsvister staðfest
- Námsmatsnefnd. Einn frá hverjum samningsaðila. Leggur mat á hvor að nám nýtist í starfi
- Vaktaálag greitt með launum í orlofi
- Við 55 ára aldur geta starfsmenn sagt sig frá næturvöktum
- Við 55 ára aldur lengist uppsagnarfrestur ef starfstími er 10 ár eða lengur

Launatryggingarákvæði

Aðilar eru sammála um að enginn félagsmaður Sameykis lækki í launum né öðrum kjörum (t.d. lífaldursávinnslu í orlofi) með breytingum sem kjarasamningur þessi hefur í för með sér.

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf skulu vera sem hér segir

1. apríl 2019 317.000 kr. á mánuði.

1. apríl 2020 335.000 kr. á mánuði.

1. janúar 2021 351.000 kr. á mánuði.

1. janúar 2022 368.000 kr. á mánuði.

Mánaðarlega skal greiða uppbót á laun viðkomandi starfsmanna sem ekki ná framangreindum tekjum, en til tekna í þessu sambandi teljast allar greiðslur, þ.m.t. hverskonar bónus-, álags- og aukagreiðslur. Laun fyrir vinnu umfram fullt mánaðarlegt starf og endurgjald á útlögðum kostnaði reiknast ekki með í þessu sambandi.

Samningsforsendur

Samningurinn byggir á sömu samningsforsendum og almennir kjarasamningar dags. 3. apríl 2019. Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum almennra kjarasamninga eða samningstíma á grundvelli ákvæða um hagvaxtarauka og kauptaxtauka eða forsenduákvæða framangreindra kjarasamninga skal sambærileg breyting gilda um samning þennan. Komi til þess að kjarasamningunum frá 3. apríl sl. verði sagt upp er heimilt að segja samningi þessum upp frá sama tíma. Tilkynna skal um uppsögn innan fimm virkra daga frá því almennum kjarasamningum er sagt upp.

Atkvæðagreiðsla

Atkvæðagreiðsla fer fram með rafrænum hætti og á skrifstofu Sameykis að Grettisgötu 89.

Atkvæðagreiðsla hefst kl. 12:00 8. apríl 2020 og lýkur 15. apríl 2020 kl. 12:00.

Takk fyrir